

2. gr.

Ef ekki semst við eigendur um kaupverðið, er ríkisstjórninni heimilt að taka eignarnámi jarðir þær og afnotaréttindi, er um getur í 1. gr. Eignarnámið skal framkvæmt samkv. lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

104

14. maí

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja úr ríkissjóði til landþurrkunar og vegagerðar í sambandi við stofnun nýbýla allt að 150 þús. krónum á árinu 1940 og allt að 200 þús. kr. á árinu 1941.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

105

14. maí

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Við 1. gr. laganna.	Tolleining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
1. Á eftir nr. 33 í 50. kafla komi nýr tollskrárliður, svo hljóðandi:			
33 a. — Listmálunarléreff	1 kg	7	8
2. Nr. 7 í 51. kafla orðist svo:			
7 — Prjónavoð	1 kg	20	20
3. Á eftir nr. 31 í 72. kafla komi nýr tollskrárliður, svo hljóðandi:			
31 a. — Reimhjól	1 kg	2	8
4. Á eftir nr. 58 í 73. kafla komi nýr tollskrárliður, svo hljóðandi:			
58 a. — Duflaljóskef	1 kg	7	8
5. Á eftir nr. 3 í 83. kafla komi nýr tollskrárliður, svo hljóðandi:			
3 a. — Listmálunarpenslar	1 kg	7	8

2. gr.

Aftan við fyrstu málsgrein 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: Ennfremur af trjávið, sem notaður hefir verið í kassa utan um fisk til útflutnings.

105
14. maí

3. gr.
 Á eftir c-lið 3. greinar laganna bætist nýr liður, er verður d-liður, svo hljóðandi:
 Að innheimta aðflutningsgjöld af efni í kassa um fisk til útflutnings sem um
 almennan trjávið sé að ræða, enda sé kassaefnið ekki unnið meira en það, að það sé
 sagað niður í hæfilegar lengdir.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.

Hermann Jónasson.
Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.
 (L. S.)

Jakob Möller.

106
14. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 44 26. maí 1938, um bráðabirgðatekjuöflun
 fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Upphaf 1. gr. laganna orðist svo:
 Bæjarstjórn Hafnarfjarðar heimilast, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að
 leggja sérstakt gjald á o. s. frv.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.

Hermann Jónasson.
Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.
 (L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.